



ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Thursday 13 May 2010 (afternoon)

Jeudi 13 mai 2010 (après-midi)

Jueves 13 de mayo de 2010 (tarde)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

HERBERGIÐ MITT

I

Herbergið mitt.
Borð stóð á miðju gólfi.
Á því var dótið mitt
allt í einni kös
5 einsog lífið í sjálfum mér.
Herbergið mitt.

Herbergið mitt.
Borðplatan var græn
brúnirnar rispaðar með vasahníf.
10 Herbergið mitt.

Herbergið mitt.
Veggirnir voru heiðgulir
– ofantil. Neðar voru þeir
ataðir fíngraförum
15 og útkrotaðir lífsspeki.
Herbergið mitt.

Herbergið mitt.
Gólfdukurinn var grár
og flekkóttur einsog jökulaur
20 séður úr lofti.
Herbergið mitt.

Herbergið mitt.
Á dúknum var stórt brunagat
sótsvart á jöðrunum
25 til minja
um velheppnaðan indíánahasar.
Herbergið mitt.

Herbergið mitt.
Herbergið mitt.
30 Herbergið mitt.

II

Herbergið mitt.
Öllu hefur verið umturnað.
Herbergið mitt.

- Herbergið mitt.
- 35 Gólfdukurinn er brúnn
einlitur.
Veggirnir eru hvítir
flekklásir.
Borð og stólar
- 40 eru einsog nýkomin úr verksmiðju.
Ó herbergið mitt.

- Herbergið mitt.
Tæknikerar með hvíta flibba
og gullhúðaðar bindisnælur
- 45 spóka sig
í líkinu af herberginu mínu.

Dagur Sigurðarson, *Glimuskjálfti* (1989)

2.

Farðu þá

Það var þungt á milli þeirra.

Hann leit nokkrum sinnum inn til hennar þar sem hún sat við glugg og ljósið féll á hendur hennar að yrkja á dúka sína.

5 Hann ætlaði að segja eitthvað, en hann náði engu nema fingrunum hennar sem voru önnur kafnir við að kalla fram framandi mynstur, eitthvað úr lífi fólks sem átti ekkert með þeim. Eitthvað sem hún gældi við í huga sér af því það var nógu langt í burtu, og færði það nær sér á dúkinn sinn þar sem það kviknaði úr huga hennar, svo að hún gæti lesið það síðar og haft það alltaf hjá sér, sýnt börnum þeirra.

10 Ekki honum, það færðist ekkert nær honum því hann þráði bara að ná þessum iðandi fingrum og leikandi í einkamáli hennar, ná til hennar, ríða þennan vafurloga sem umlukti hana og skera af henni brynjuna. Hann fór út og þóttist gá að mönnum sínum sem biðu hans, þóttist athuga hestana, þóttist vita hvort allt væri sem ætti að vera, fyrir þessa löngu ferð.

15 Menn hans biðu fyrir neðan hólinn. Þeir bræður Svarthöfði og Kolbeinn grön sátu hinum megin á hólnum, þeir sátu þétt saman og voru kannski að tala, kannski þögðu þeir bara. Kolbeinn leit til hans en Svarthöfði ekki, hann var að telgja spjótsskaft, hvort sem hann talaði eða ekki. Sturla strauk þurrt grasið á bæjarveggnum einsog hann væri að vita hvort þar leyndist rekja.

Hann var að strjúka grasið, sagði Kolbeinn við bróður sinn.

20 Hann er vísast að huga að því hvort það hafi rignt blóði í nótt, tautaði Svarthöfði og skar langa flís frá spjótsskaftinu og lét falla á skó sinn.

Þá fór Sturla aftur inn og staldrar enn hjá konu sinni.

Solveig, segir Sturla og snart laust við öxl hennar.

Hún hélt áfram að yrkja svart segl í hvítan dúkinn og það heyrðist ekkert þó að honum fyndist hann heyra andardrátt hennar.

25 Stráin stóðu kyrr utan við ljórann, það hreyfði ekki vind. Eitt langt ský sigldi á roðagullnum himni morgunsins ofan við fjallsöxlina, yfir sjónum sem sást ekki, yfir eyjunum sem sáust ekki, yfir hafinu sem skildi á milli þessa lands og jökla Grænlands.

30 Hún vatt öxlinni til án þess að fingurnir tefðust, færðist ögn neðar í sætið einsog hún sæti í litlum bát og sækti sér afl og legðist á árar til að taka fastar og róa með hægu átaki áfram, ef opnaðist lag, eða bara inn í brimgarðinn, á móti byr.

Hann horfði á seglið svarta milli grannra fingra sem voru næmastir allra að líkna en voru núna með þetta svarta band gróft; og sá þá hönd sína lausa á lofti, og tóma, og hin höndin hans líka tóm og lokuð án þess að kreppa hnefann.

Solveig, segir hann lágt og vissi ekki hvort það heyrðist.

35 Þá heyrir hann að hún er að segja eitthvað og hváði.

Hann færði sig nær, niður að vörum hennar.

Farðu, segir hún; og enn lægra, hvíslandi ef ekki hvæsandi: Farðu til heljar ef þú vilt þangað. Í eldinn sem gerir þig loksins að ösku, sem vindurinn feykir burt svo að við öll fáum frið, ef einhver verður þá eftir til að leita að friði.

40 Solveig, sagði hann og ekkert annað.

Thor Vilhjálmsson, *Morgunþula í stráum* (1998)